

beurer

HK 25, 35



HK 25



HK 35



IS Hitapúði
Notkunarleiðbeiningar



Beurer GmbH
Söflinger Str. 218 • 89077 Ulm, Germany
Tel.: +49 (0)731 / 39 89-144 • Fax: +49 (0)731 / 39 89-255
www.beurer.de • Mail: kd@beurer.de



Útskýring á táknum



Lestu leiðbeiningarnar!



Ekki má nota púðann ef hann er brotinn saman eða í honum eru brot!



Ekki má stinga gat á púðann með nál!



Efnin, sem notuð eru í púðann, uppfylla hinar ströngu mannvistfræðilegu kröfur staðalsins Oeko Tex 100, eins og Hohenstein-rannsóknarstofnunar hefur staðfest.

ÍSLENSKA

Kæri viðskiptavinur,

Við erum ánægð að þú skulir hafa valið vöru úr okkar línu. Nafn okkar tryggir mikil gæði og vörur sem hafa verið prófaðar rækilega með tilliti til hita, blóðþrýstings, líkamshita, þyngdar, mildrar meðferðar, nudds og lofts.

Vinsamlegast lestu notkunarleiðbeiningarnar vandlega og fylgdu þeim.

Með kveðju,
Pfaff Grensásvegi 13

1. Mikilvægar öryggisupplýsingar þær skal lesa vandlega og geyma fyrir síðari notkun

Ef ekki er farið eftir leiðbeiningunum hér að neðan getur það leitt til líkams- eða eignatjóns (rafstuðs, húðbruna, elds). Eftirfarandi upplýsingar um öryggi og hættur miða ekki einungis að því að vernda heilbrigði þitt og annarra heldur einnig að koma í veg fyrir skemmdir á vörunni. Því skaltu fara eftir þessum öryggisleiðbeiningum og láta þær ávallt fylgja vörunni.

• Einungis skal nota hitapúðann í þeim tilgangi sem lýst er í þessum leiðbeiningum.

- Hitapúðinn er ekki ætlaður til notkunar á sjúkrahúsum.
- Einstaklingar (þ.m.t. börn) með skerta líkamsgetu, skyngetu eða andlega getu og/eða einstaklin - gar, sem hafa ekki nægan skilning á búnaðinum og hvernig eigi að nota hann, skulu ekki nota hitapúðann nema að þeir séu undir eftirliti aðila sem ber ábyrgð á öryggi þeirra.
- Hitapúðann á ekki að nota fyrir einstaklinga sem eru hjálparvana, lítil börn eða einstaklinga sem eru ónæmir fyrir hita (t.d. sykursjúka, einstaklinga með húðbreytingar vegna sjúkdóms eða einstaklinga með ör á því svæði sem nota á púðann á, einstaklinga sem hafa tekið verkjastillandi lyf eða neytt áfengis).
- Óhóflega löng notkun getur orsakað húðbruna.
- Viðvörðun! Gættu þess að sofna ekki á meðan kveikt er á hitapúðanum.
- Ekki skal nota hitapúðann á hluta líkamans sem eru þrútnir, særðir eða bólgnir. Ef þú ert í vafa skaltu leita læknis áður en púðinn er notaður.
- Raf- og segulsvið sem hitapúðinn myndar geta haft áhrif á virkni gangráða. Þau eru hins vegar langt undir leyfilegum mörkum: styrkur rafsviðs: 5.000 V/m að hámarki, styrkur segulsviðs: 80 A/m að hámarki, þéttleiki segulflæðis: 0,1 millitesla að hámarki. Því skaltu hafa samband við lækni og framleiðanda gangráðsins áður en hitapúðinn er notaður.
- Hitapúði
 - einungis má tengja við þá spennu sem gefin er upp á tækinu,
 - hitapúðann má einungis nota með þeim gerðum af rofum sem tilgreindar eru á honum,
 - hitapúðinn má aldrei vera í gangi án eftirlits,
 - aldrei má kveikja á hitapúðanum þegar hann er samanbrotinn eða samþjappaður,
 - aldrei má þrýsta hitapúðanum á milli hluta,
 - aldrei má gera skörp brot í púðann,
 - má aldrei nota fyrir dýr,
 - hitapúðann má aldrei nota þegar hann er rakur,
 - rofinn og leiðslan mega ekki komast í tæri við raka.
- Þegar hitapúðinn er í notkun hitnar rofinn á honum svolítið vegna rafmagnshluta í rofanum. Rofann á því aldrei að hylja eða setja á hitapúðann á meðan á notkun stendur.
- Ekki skal toga, snúa eða gera snurður á leiðslurnar.
- Ekki má stinga tituprjónum eða oddhvössum hlutum í hitapúðann.
- Börn mega ekki nota tækið nema rofinn hafi verið stilltur af foreldri eða eftirlitsaðila eða barnið hafi fengið nægar leiðbeiningar um hvernig eigi að nota hitapúðann á öruggan hátt.
- Hafa skal eftirlit með börnum til að tryggja að þau noti ekki hitapúðann sem leikfang.
- Hitapúðann skal skoða oft með tilliti til slits eða skemmdar. Ef merki um slíkt er að finna, ef leiðs - lurnar eru skemmdar eða ef hitapúðinn hefur ekki verið notaður á réttan hátt, verður að fara með hann annaðhvort til framleiðandans eða söluaðilans áður en notkun er haldið áfram.
- Einungis má láta gera við hitapúðann hjá sérstaklega þjálfuðu starfsfólki eða á viðgerðaverkstæði með tilskilið leyfi, því nota þarf sérstök verkfæri. Röng viðgerð getur valdið töluverðri hættu fyrir notandann.
- Ef þú ert ennþá með spurningar um notkun tækisins skaltu hafa samband við þjónustudeild okkar.

2. Rétt notkun

Hitapúðinn er hannaður til að hlýja mannslikamanum. Hann gerir þér kleift að hita ákveðin svæði. Hiti eykur blóðrásina og slakar á vöðum. Hitapúðinn er ekki ætlaður til notkunar á sjúkrahúsum eða í viðskiptalegum tilgangi. Hitapúðann má ekki nota á ungbörnum, litlum börnum, einstaklingum sem eru ónæmir fyrir hita, hjálparvana einstaklingum eða dýrum. Til að koma í veg fyrir að hitapúðinn óhreinkist eða skemmist mælum við með því að hlífðarklæði sé sett yfir hann, sérstaklega þegar notaðar eru ilmolír og áburðir. Þegar hitapúðinn er notaður í fyrsta sinn gæti hann lyktað af plastefni en sú lykt hverfur fljótt.

3. Notkun


3.1 Öryggi

Hitapúðinn er með ÖRYGGISKERFI. Rafeindaskynjari kemur í veg fyrir að allt yfirborð hitapúðans ofhitni með því að slökkva sjálfkrafa á púðanum ef bilun kemur upp. Ef öryggiskerfið slekkur sjálfkrafa

fa á hitapúðanum vegna bilunar er hitastigsglugginn á rofanum ekki lengur upplýstur jafnvel þó að kveikt sé á hitapúðanum. Vinsamlegast veittu því athygli að eftir að bilun hefur komið upp er ekki lengur hægt að nota bak- og hálshi-tapúðann af öryggisástæðum og hann verður að senda á þjónustuheimilisfangið sem gefið er upp.

3.2 Hitapúðinn tekinn í notkun

Gakktu fyrst úr skugga um að rofinn sé tengdur í tengið á hitapúðanum. Settu rafmagnssnúruna í innstunguna



3.3 Hitastig valið

Fljótvirkasta leiðin til að hita upp hitapúðann er að stilla rofann fyrst á hæstu stillinguna. Hægt er að velja lægri stillingu síðar, ef þörf er á.

Eftir að kveikt hefur verið á hitapúðanum leiftrar stillingin stuttlega á meðan hitapúðinn framkvæmir sjálfspröfun. Eftir það er stillingin stöðugt upplýst.

3.4 Hitastillingar

- Stig: 0 Slökkt á
1 Lágmarkshiti
2 Meðalhiti
3 Hámarkshiti

3.5 Sjálfvirk slökkviaðgerð

Sjálfkrafa slökknar á hitapúðanum eftir u.þ.b. 90 mínútur. Þá byrjar upplýsti hitastigsglugginn að leiftra. Til að kveikja á hitapúðanum aftur skaltu fyrst stilla á „0“ og síðan eftir u.þ.b. 5 sekúndur skaltu velja þá hitastigsstillingu sem óskað er eftir.

Slökktu á hitapúðanum (0) eða taktu hann úr sambandi við rafmagn ef þú ætlar ekki að nota hitapúðann eftir að sjálfkrafa slökknar á honum.



3.6 Fljótvirk hitun HK 35

Þessi hitapúði er með hraðhitunaraðgerð sem hitar púðann hratt fyrstu 10 mínúturnar.



4. Hreinsun og umhirða

4.1 HK 25

- Áður en hitapúðinn er hreinsaður skal alltaf taka hann úr sambandi við rafmagn.
- Hlíðaráklæðið má hreinsa í samræmi við táknið á merkimiðanum og verður þá fyrst að fjarlægja það.
- Veittu því athygli að hitapúðann sjálfan má ekki þvo í þvottavél, vinda eða þurrka í þvottavél, efnahreinsa, vinda, pressa eða strauja.
- Minni bletti má fjarlægja með því að nota klút eða rakan svamp ásamt svolitlu fljótandi hreinsiefni fyrir viðkvæmt efni, ef þörf er á.
- Einungis má nota hitapúðann aftur þegar púðinn og hlífðaráklæðið eru orðin alveg þurr.

5. Geymsla

Ef þú ætlar ekki að nota hitapúðann í einhvern tíma mælum við með því að hann sé geymdur í up-prunalegu umbúðunum á þurrum stað án þyngdar ofan á honum. Leyfðu hitapúðanum að kólna áður.

6. Förgun

Hitapúðanum skal farga í samræmi við tilskipun 2002/96/EG – WEEE (úrgangur raf- og rafeindabúnaður). Ef spurningar vakna skaltu hafa samband við yfirvöld á staðnum sem sjá um förgun úrgangs.

